

HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS

STARFSLEYFI

Starfsleyfishafi: Landsnet hf.
kt. 580804-2410

Starfsstöð: Tengivirki á Hryggstekk, Fljótsdalshéraði
Fastanúmer: 224-4002

Leyfið gildir frá 16. desember 2019 til 16. desember 2031

Um er að ræða starfsleyfi fyrir stóra spennistöð
skv. lið 9.2 í viðauka X með reglugerð 550/2018 m.s.br.

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda og starfsleyfisskilyrðum sem fylgja starfsleyfi þessu og eru óaðskiljanlegur hluti þess.


Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára. Heimilt er að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá HAUST hverju sinni. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga þar til forsvarsmaður hefur tilkynnt stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Dröfn Svanojónsdóttir
heilbrigðisfulltrúi



HAUST
Heilbrigðiseftirlit Austurlands

Starfsleyfisskilyrði

Heilbrigðisnefndar Austurlands

Starfsleyfishafi: Landsnet hf.
kt. 580804-2410

Starfsstöð: Tengivirki á Hryggstekk, Fljótsdalshéraði

Fastanúmer Fastanúmer: 224-4002

Leyfið gildir frá 16. desember 2019 til 16. desember 2031

Um er að ræða starfsleyfi fyrir:

- **stóra spennistöð**

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt neðangreindum lögum og á grunni umsóknar dags. 7. júní 2019.

Lög sem um starfsemina gilda eru m.a.

- *Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br.*

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda s.s.

- *Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit*
- *Reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi*

1. Skilyrði sem gilda

Um er að ræða tengivirki spennum sem hér segir:

- Annars vegar eru þrír spennar í húsi.
- Hins vegar einn spennir utandyra á lekaþró.

Um starfsemina gilda m.a..

- *Reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi*
- *Almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi*
- *Starfsleyfisskilyrði fyrir stórar spennistöðvar*
- *Reglugerð nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins.*

2. Lýsing á búnaði og mengunarvarnir

Starfsleyfishafi skal eins og kostur er fyrirbyggja eða draga úr mengun lofta, láðs og/eða lagar sem kann að stafa frá starfsemi fyrirtækisins með viðeigandi aðferðum og mengunarvarnarbúnaði. Starfsleyfishafi skal beita samþættum mengunarvörnum þar sem það á við, svo að ráðstafanir til að

draga úr tiltekinni mengun í einum viðtaka valdi ekki eða auki mengun í öðrum. Beita skal bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir í þeim tilvikum sem hún hefur verið skilgreind. Engar breytingar verði gerðar á frárennsli sem skerði mengunarvarnir sem fyrir eru né takmarki möguleika á að koma þeim fyrir í framtíðinni.

2.1. Mengunarvarnir fráveitu – Spennahús með þrem spennum

Í lokuðu spennahúsi eru þrjár spennar (nr. PME1, PME2 og PME3). Magn olíu á hverjum spennni er 3.350 kg.

Undir spennunum eru lekaþrær. Frá spennahúsinu eru fráveitulagnir að olíuflotloka.

Fráveita frá olíuflotlokanum rennur í rotþró.

2.2. Mengunarvarnir fráveitu – Útispennir

Útispennir er 132/34 kV aflspennir með eignarskráningarheitið HRY SP2. Olíumagn á spenninum er 15.580 lítrar.

Sjálfvirkur sívöktunarbúnaður er á spenninum, hann er tengdur við stjórnstöð Landsnets og lætur vita ef olía lækkar á spenninum.

Undir spenninum er 40 m³ lekaþró. Frá þrónni er lögð að olíuflotloka. Ef olía flæðir úr lekaþrónni lokast flotlokinn og hleypir ekki út vökva.

Fráveita frá olíuflotlokanum rennur í rotþró.

2.3. Þró undan aflögðum spennni

Æskilegt er að lekaþró undan aflögðum spennni (SP1) verði fjarlægð ásamt lögnum sem eru í jörðu. Þar til það er gert skal hafa eftirlit með lekaþrónni og sjá til þess að vatn standi ekki í henni.

2.4. Mengunarvarnabúnaður

Mengunarvarnabúnaður, t.d. sérstök ídræg efni eða mottur, skal vera tiltækur til að bregðast við minni mengunaróhöppum. Auk þess skal hafa tiltækan búnað til að loka niðurföllum eða hindra á annan hátt að olía geti borist í niðurföll.

Heilbrigðiseftirlitið getur í sérstökum tilvikum gert kröfu um lokubúnað á olíuskilju til að koma í veg fyrir að mengandi efni berist í fráveitu ef óhapp verður.

2.5. Rafgeymar

Í kjallara aðstöðuhúss eru tvö rafgeymasett. Þau standa í lekabyttum. Niðurfall er í gólfi rafgeymarýmis.

2.6. Efnavara

Efnavöru skal haldið í lágmarki í aðstöðunni.

SF₆ gas er geymt á kútum í anddyri aðstöðuhúss.

2.7. Mengunarvarnir skólps

Fráveita frá starfsmannaaðstöðu er leidd í rotþró.

Stærð og hólfun rotþróar er ekki þekkt. Um er að ræða steypuhringi sem ekki uppfylla ákvæði núverandi reglugerða um fráveitur og ekki eru siturlagnir aftan við þróna. Lögð opnast í norður.

Rotþró skal að jafnaði tæmd annað hvert ár af aðila sem hefur til þess starfsleyfi frá heilbrigðisnefnd.

Um fráveitur gilda m.a.:

- *Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólps*
- *Reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru.*

2.8. Annað

Stöðvarspennir er við aðstöðuhús.

Á lóð og innan girðingar eru ennfremur rofar sem innihalda SF6.

3. Prófanir og sýnatökur

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd mælinga, sem kveðið er á um í starfsleyfi þessu. Prófanir og úttektir skulu vottaðar af viðurkenndum úttektaraðila.

3.1. Sýnataka af fráveitu m.t.t. olíumengunar

Rekstraraðili skal láta taka sýni af fráveituvatni frá undirlagi spenna (lekaþró, frárennslisbrunni eða þar sem olíuflotlokar eru staðsettir) á þriggja ára fresti, fyrst innan árs frá útgáfu starfsleyfisins. Rannsaka skal magn olíu/fitu í fráveituvatninu.

Losunarmörk eru að hámarki 15 ppm af olíu í fráveituvatni frá skiljunni. Mælist mengun yfir mörkum skal fyrirtækið grípa til ráðstafana til að draga úr menguninni og taka sýni á ný innan 4ra vikna. Þetta skal endurtaka þar til olía í fráveituvatni er innan viðmiðunarmarka. Rannsóknaniðurstöður skulu sendar til Heilbrigðiseftirlits Austurlands og skráðar í rekstrarhandbók starfstöðvar.

3.2. Sjálfvirkur búnaður

Rekstraraðili skal árlega láta prófa allan sjálfvirkan búnað, s.s. nema, loka o.þ.h. þar með talið olíuflotloka. Niðurstöður skal færa í rekstrarhandbók starfstöðvar.

4. Handbók innra eftirlits, rekstrarhandbók

Rekstraraðili skal halda rekstrarhandbók fyrir starfstöðina sem skal vera aðgengileg fyrir eftirlitsaðila.

4.1. Tæknilegar upplýsingar

Í handbókinni skulu koma fram tæknilegar upplýsingar um helstu mannvirki sem og spenna, olíugeyma, olíu- og sandskiljur og lagnakerfi, þ.m.t. fráveitulagnir, mengunarvarnir, flotloka, slökkvibúnað, útsláttarrofa fyrir dælubúnað og dælu- og rafbúnað eftir því sem við á.

Lagnateikning skal vera til staðar í starfsstöðinni með upplýsingum um legu og fyrirkomulag frárennslislagna.

4.2. Innra eftirlit

Viðhafa skal reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstarþáttum sem geta haft áhrif á mengun og/eða losun efna út í umhverfið. Í handbókina skal skrá og dagsetja innra eftirlit með eftirtalin atriði ef við á. Skráningar skulu vera aðgengilegar heilbrigðisfulltrúa í eftirliti.

- Magn og gerð spilliefna sem skilað er til móttökustöðvar ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar.
- Alla þjónustu, eftirlit og viðhald á lekaþró, olíuflotlokum og tæknibúnaði sem varnar olíumengun, þ.m.t. könnun á regnvatni áður en því er hleypt út.
- Rannsóknaniðurstöður sýnatöku á fráveitu frá búnaði til varnar olíumengun.
- Árlegar prófanir á sjálfvirkum búnaði.
- Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.
- Fræðsla og þjálfun starfsmanna.

5. Annað sem varðar starfsemina

5.1. Meðferð úrgangs

Allur úrgangur skal meðhöndlaður í samræmi við reglur sveitarfélagsins.

Spilliefni og hvers konar efni sem unnt er að endurvinna og endurnota skulu flokkuð sér og flutt til móttöku skv. reglum þar um og taka kvittun til staðfestingar á réttum skilum.

Um úrgang gilda m.a.:

- *Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs*
- *Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs*
- *Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni*

5.2. Lóð og umhverfi

Lóð skal vera afgirt og læst.

Umgengni um lóð og athafnasvæði skal vera góð og lóðamörk skulu virt.

Ekki er heimilt að geyma óviðkomandi tæki, hluti eða vélar á lóðinni.

6. Mengunarslys

Komi til atvika sem geta haft umtalsverð áhrif á umhverfið skal tafarlaust gripið til ráðstafana til að hindra að efni eða úrgangur berist í umhverfið eða í niðurföll.

Slík atvik skal tilkynna til Heilbrigðiseftirlits Austurlands.

7. Starfsemi hætt

Verði rekstri hætt skal tilkynna Heilbrigðiseftirliti Austurlands skriflega þar um með a.m.k. mánaðar fyrirvara.

Fjarlægja skal geyma, lagnir og annan búnað sem tengist starfseminni af og úr jörðu og skilja við svæðið þannig að sem minnst ummerki verði eftir í samræmi við fyrirfram gerða áætlun sem skal liggja hjá Heilbrigðiseftirlitinu og öðrum hlutaðeigandi. Ganga skal úr skugga um að aflögð rotþró á vinnubúðaplanið neðan við tengivirkið hafi einnig verið fjarlægð.

Komi í ljós mengun í jarðvegi skal fyrirtækið láta hreinsa svæðið á sinn kostnað, gerist þess þörf, og sjá til þess að úrgangi sé fargað á viðkenndan hátt. Við ákvörðun um athugun á athafnasvæði, mat á mengun, hreinsunarpörf og hreinsiaðgerðir skal haft fullt samráð við Heilbrigðiseftirlitið. Niðurrif olúgeyma, olíuskilja og lagna er byggingaleyfisskylt.

16. desember 2019

Virðingarfyllst,

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Dröfn Svabjörnsdóttir
heilbrigðisfulltrúi

Viðauki

við starfsleyfi starfsstöðvar Landsnets á Hryggstekk, Fljótsdalshéraði

Yfirlit yfir starfsstöðvar, búnað og efnavöru á starfsstöðvum:

Aðstöðuhús		
Rafgeymar	Eitt sett	Sýrugeymar í lekabyttu.
Rotþró	Steypuhringir, ekki siturlögn. Stærð óþekkt	
Innivirki		
Spennir PME1	Spennaolía 3.350 kg	Lekaþró
Spennir PME2	Spennaolía 3.350 kg	Lekaþró
Spennir PME3	Spennaolía 3.350 kg	Lekaþró
		Lagnir eru frá lekaþróum spenna í innivirki að olíuflotloka sem tengdur er inn á rotþró.
Útivistir		
Spennir, HRY SP2 132/34 kV 45 MVA	Spennaolía 13,8 tonn eða 15.580 l	Lekaþró er ca. 40 m ³ . Við lekaþróna er tengd frárennislögn að olíuflotloka. Fráveita frá olíuflotlokanum er tengd inn á rotþró.